

Nú er allt nýtt

Góðir landsmenn!

Árið er nýtt. Hér er allt í kaldakoli. Gleðilegt nýtt ár! Stjórnvöld segjast vera í björgunarleiðangri og að við megum ekki eyðileggja það starf eða trufla með lýðræðinu. Óttinn er við völd á Íslandi.

En við, fólkið í þessu landi, verðum að bægja óttanum frá, treysta á okkur sjálf og gera þær breytingar sem hér eru nauðsynlegar.

Ríkisstjórnin nýtur ekki trausts. Seðlabankinn ekki heldur, hvorki hér heima né erlendis. Og svo sannarlega ekki Seðlabankastjórar með Davíð Oddsson í broddi fylkingar. Alþingi er vanmáttugt. Pólitísk hrossakaup og spilling vaða uppi. Verkalýðshreyfingin gerir ekki neitt. Stjórnarandstaðan vill aftur til fortíðar. Skipting valdsins er í besta falli loðin. Dreifing valds fer minnkandi. Jafnrétti er ekki. Millistjórnendur gömlu, einkavæddu bankanna eru stjórnendur nýju bankanna ennþá. Og forseti Íslands er klappstýra hjá röngu liði.

Ísland er rúið trausti. Enda er stjórn landsins, ótrúlegt en dagsatt, enn í höndum sama fólks og flissaði ofaní kampavínsglösin sín um leið og það leiddi okkur fram af bjargbrúninni.

Við hin getum bara ekki axlað þær byrðar, sem þetta fólk hefur lagt á okkur, nema það víki – aðeins þannig getum við haldið áfram. Því eina raunhæfa vonin um að endurvekja traust okkar á hvert öðru og ná sátt um framhaldið er að skipa nýtt fólk í þessar stöður.

Það verða kosningar til Alþingis fyrir vorið – vorið er rétti tíminn – það er orðið algerlega óhjákvæmilegt – og þá verðum við að gjöra svo vel kjósa heiðarlegt, vandað og hæft fólk – fólk sem er hægt að treysta til að byggja hér upp að nýju og endurhlaða gildin.

Þangað til – og uppfrá því – þurfum við öll að halda vöku okkar. Veita aðhald, halda uppi samræðu og gagnrýni. Ekki bara rífa niður – heldur leitast við að vera réttlát, uppbyggileg, gagnrýnin – og hugrökk.

Bandaríkjamenn tóku þá ákvörðun í haust að veðja á Barack Obama– og það sýnir að þar heldur fólk í vonina þrátt fyrir að nánast óyfírstíganleg vandamál hrannist þar upp. Eins og um allan heim. Eins og hér.

Fleiri og fleiri telja að við, mannkynið í heild, þurfum að endurskoða, endurhugsa og endurhanna meira og minna allt. Alla okkar umgengni við jörðina, aðferðir við að afla okkur lífsviðurværis, allar okkar lífsfilósófíur og ekki síður framkomu okkar hvert við annað. Að við þurfum að finna leið til að sigla okkar sameiginlega báti eða sökkva skútunni ella.

Við sem nú erum á besta aldri stöndum frammi fyrir því að velja hvort við viljum beina kröftum okkar að því að viðhalda því kerfi og þeim geldandi hugmyndum sem okkur voru fengnar í vöggugjöf sem eru í stuttu máli ótti. Ótti við fólk sem við þekkjum ekki, óttinn við hugmyndir annarra, köld stríð, aðskilnaðarstefnur og veggir – endalausir veggir.

Ef við veljum þennan kost veltum við vandanum einfaldlega yfir á börnin okkar.

Eða hvort við treystum okkur til – og nenum að leggja það á okkur – að hefjast nú þegar handa við að breyta til batnaðar – en það gerum við ekki nema leikreglurnar séu skýrar, sanngjarnar og eins fyrir alla.

Við þurfum byltingu – núna – áður en það verður of seint. Og ég er ekkert að tala um ofbeldi eða neinn

Þess háttar hrylling – ég meina pólitíska, vitsmunalega og andlega byltingu. Nýjan hugsunarhátt. Byltingu í hegðun, atferli og framkomu.

Allt er uppfinning sem má taka til endurskoðunar. Þetta er ekki neitt hippabull sem ég er að segja. Þetta er staðreynd.

Olían er að klárast og við notum mikið af henni. Við göngum nærri auðlindum sem eru ekki endurnýjanlegar. Vaxandi fátækt og ójöfnuður er staðreynd og stjarnfræðilegt ríkidæmi um það bil eins prósents af mannkyninu öllu.

Mannréttindi eru fótum troðin víða um lönd og eftir 11. september 2001 hafa Bandaríkin, með Bush sem forseta og vinabjóðir hans (eins og okkur) þrengt að réttindum borgara allra landa svo um munar – óttinn er við völd.

Jafnrétti er ekki. Víða eru stríð, óhugnanlegir erfiðleikar og hörmungar. Trúarreglur og siðfræði ólíkra manna valda stöðugum og sífelldum árekstrum um alla jörð. Samt viljum við öll það sama. Fegurðardrottningarnar hafa margsagt það fyrir okkur – við óskum eftir friði í heiminum og þar með öryggi og friði heima hjá okkur.

Við hér á Íslandi erum heppið fólk. Hér er ekki stríð. En hér hefur orðið þjóðargjaldþrot og siðferðilegt hrún. Það má laga með tímanum. En við skulum gera okkur grein fyrir því núna, að við – eins og allir aðrir – þurfum að vanda okkur og vera vönduð til að lenda ekki í frekari hremmingum. Við verðum að gera hér málin upp og ná sáttum.

Við erum, sem sagt, komin aftur á byrjunarreit. Við þurfum að gera róttækar breytingar strax. Höfum við hugrekki til þess?

JÁ!

VERUM ÓHRÆDD VIÐ NAUÐSYNLEGAR BREYTINGAR SÝNUM HUGREKKI OG STÖNDUM SAMAN

Við skulum forðast ofbeldi í lengstu lög. Við skulum tryggja velferð og framtíð barna okkar allra. Höfnum þjóðrembu. Höfnum eyðingaraflinu og einsleitninni sem fylgir heildarlausnum stórfyrirtækja. Höfnum kyrrstöðunni og óttanum sem hana nærir. Og við höfnum ykkur sem hafið framið hér landráð, hvort sem það var af gáleysi eða ásetningi.

Eftir kosningar í vor skulum við byggja upp fjölbreytt þjóðfélag í samfélagi þjóðanna. Sýnum að við lærum af reynslunni og byggjum framtíðina á fjölbreyttum atvinnuvegum, fjölbreyttum hugsunarhætti, aðferðum og þekkingu.

Við tökum fagnandi öllu því fólki sem getur hugsað sé að búa hér og byggja landið upp með okkur. Við þökkum kærlega þeim sem reynast okkur vel og leggjum mikið á okkur til að reynast öðru fólki vel líka. Við höfum réttlæti, samúð, jafnrétti og lýðræði að leiðarljósi. Og við skulum nýta okkur betur þau tækifæri sem hér eru.

Hér er fullt af tækifærum – og það kostar vissulega klof að ríða röftum – en 10–15% atvinnuleysi er óásættanlegt – og alltof dýrkeypt.

Hvert sem litið er hér á Íslandi eru hlutir, vannýtt framleiðsluferli, félagsleg kerfi og strúktúrar, sem mætti endurhanna og gera skilvirkari og betri. Verkefni eru óþrjótandi. Að sama skapi er hæfileikafólk sem er illa nýtt út um hvippinn og hvappinn, fólk sem hefur sérþekkingu á ýmsum sviðum – þekkingu sem hætta er á að deyi út eða flytji burt – og vannýtt tækifæri vegna þess að við höfum ekki lagt það á okkur að hugsa hvert verkefni til enda.

Við þurfum nauðsynlega að kjósa – af þeirri einföldu ástæðu að stjórnvöld okkar og stofnanir hafa fyrirgert trausti sínu – og traust er brýn nauðsyn. Því nú er allt nýtt. Og ég hef ákveðið að vera bjartsýn og treysta því að við breytum öll rétt. Nú er tímabært að hæft og vandað fólk bjóði sig fram. Það má engan tíma missa. Þið vitið hver þið eruð og hafið undirbúið ykkur í hópum og ein sér í haust. Gefið ykkur fram. Ykkur verður tekið fagnandi.

Geir og Ingibjörg og aðrir stjórnarmenn. Þið sem hafið ákveðið að bjarga sumum en ekki öllum. Þið eruð í kosningabaráttu núna. Og ef þið sýnið okkur, fólkinu, ekki með afgerandi hætti að þið vinnið í okkar þágu.

Þá eruð þið búin að vera. Þið eruð á allra síðasta sjens.

Við – við sem erum ekki í klíkunni – en eigum að axla byrgðarnar af fjárglæfrum annarra óstudd – verðum að standa vaktina hér á Austurvelli.

Við verðum að standa hér saman.

Takk.